
TRÖLLASKAGABLAÐIÐ



MTR

Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf störf árið 2010 en við skólann eru 25 starfsmenn. Hægt er að velja um 6 brautir í MTR. Þær eru félags- og hugvísindabraut, íþrótt og útivistarbraut, listabraut, náttúruvísindabraut, kjörnámsbraut og starfsbraut. Í dag stunda 217 nemendur nám við skólann í dagskóla og fjarnámi en það voru 68 nemendur í skólanum árið 2010 sem sýnir að skólinn hefur stækkað þó nokkuð á þessum fjórum árum.

Þetta blað var unnið í miðannarviku haustannar 2014 af nemendum starfsbrautar.

Fréttamenn blaðsins tóku viðtal við þá kennara sem kenndu í miðannarvikunni. Notast var við viðtalsramma og kemur hann hér.

1. Hvað heitir þú?
2. Hver er aldur þinn?
3. Hver eru áhugamál þín?
4. Hvaðan ertu?
5. Hvar býrð þú?
6. Hver er menntun þín?
7. Hvað kennir þú hér í miðannarvikunni og hvers vegna?
8. Hvernig fréttir þú af miðannarvikunni?
9. Við hvað starfar þú almennt?
10. Hefur þú kennt við Menntaskólann á Tröllaskaga áður?
11. Hvernig finnst þér að kenna í skólanum hingað til?
12. Af hverju ertu að kenna?
13. Hvernig finnst þér að kenna?
14. Hvernig finnst þér vinnuaðstaðan í MTR?
15. Hefur þig alltaf langað að kenna? Ef ekki hvað langaði þig þá að gera?
16. Hvað finnst þér um okkur?
17. Ertu skrítinn eða kemurðu utan úr geimnum?

Vilberg

Vilberg er 42 ára menntaður tölvunarfræðingur og starfar sem tölvukennari. Vilberg er frá Akureyri og býr á Brekkuni. Áhugamál Vilbergs eru hjólreiðar. Vilberg er að kenna tölvutæklun. Vilberg frétti af miðannarviku MTR með þeim hætti að haft var samband við hann og hann beðinn um að kenna. Vilberg hefur kennt við Menntaskólann á Tröllaskaga tvisvar sinnum áður. Vilberg segir að það sé frábært að vinna í skólanum, og bætir vð að Menntaskólinn á Tröllaskaga sé meiriháttar skóli. Vilberg segir að hann sé að kenna vegna þess að honum finnst gaman að miðla upplýsingum. Vilbergi finnst vinnuaðstaðan í MTR frábær í alla staði. Vilberg segir í lokin að honum hafi alltaf þótt gaman að kenna, og segir í framhaldi að hann hafi aldrei vitað neitt annað sem honum myndi langa til að gera.



Bergþór Morthens

Bergþór Morthens er 35 ára, menntaður myndlistarmaður og kennari. Bergþór segir að áhugmálin hans séu myndlist. Hann er einnig nýbyrjaður að æfa bardagaíþróttir. Bergþór er frá Reykjavík en býr í Gautaborg í Svíðþjóð. Bergþór er að kenna myndlistaráfanga í miðannarvikunni, sá áfangi heitir: "Hvað er tími." Bergþór segir að ástæða þess að hann sé að kenna áfangann í miðannarvikunni sé sú að honum finnst hann hafi einhverju að miðla og vilji fræða nemendur um það. Bergþór hefur kennt við Menntaskólann á Tröllaskaga áður. Bergþór segir að það sé dásamlegt að kenna í Menntaskólanum á Tröllaskaga, að nemendurnir séu frábærir og það sé skemmtileg aðstaða. Bergþór segir að ástæða þess að hann sé að kenna sé að honum finnst gaman að fræða aðra og gefa einhverja þekkingu frá sjálfum sér til annarra. Bergþór segir að honum finnst gaman að kenna. Bergþór segir að Menntaskólinn á Tröllaskaga sé frábær vinnustaður og gott samstarfsvið. En segir í framhaldi að það mætti stækka skólan. Bergþór segir að hann hafi alltaf langað til að kenna. Bergþór segir að fréttamenn blaðsins séu frábærir. Að lokum var Bergþór spurður hvort hann væri skrýttinn eða hvort hann kæmi utan úr geimnum. Bergþór svaraði. "Já. Eru ekki allir utan úr geimnum."



Heiðdís Björk Gunnarsdóttir

Heiðdís Björk Gunnarsdóttir er 40 ára, er menntuð í Líðheilsuvísindum og býr á Akureyri. Áhugamál Heiðdísar er hekl og hún kennir það í miðannarvikunni og segir að ástæða þess sé að það sé gaman að hekla. Heiðdís starfar sem kennari og segir ástæðuna vera þá að það sé ághugavert að kenna. Heiðdís hefur kennt áður í Menntaskólanum á Tröllaskaga og finnst mjög gaman að kenna hér. Heiðdís finnst vinnuaðstaðan í MTR mjög góð. Heiðdís langaði ekki alltaf að verða kennari. Hana langaði að verða leikari. Heiðdís finnst vinnusemi nemenda mjög góð. Heiðrún segir að hún hafi frétt af miðannarvikunni hjá manningnum sínum en hann er kennari við skólann.



Lísebet Hauksdóttir

Lísebet Hauksdóttir er 34 ára, menntaður íþróttifræðingur. Hún er frá Ólafsfirði og býr þar.

Áhugamál hennar eru söngur og hreyfing. Lísebet kennir íþróttir í miðannarvikunni. Hún segir að ástæða þess að hún kenni íþróttir sé sú að hún elskar þær. Lísebet starfar sem íþróttakennari við MTR. Lísebet segir að það sé frábært að kenna við MTR. Lísebet segir að ástæða þess að hún sé að kenna sé sú að hún geti miðlað þekkingu sinni og vera góð fyrirmynd. Lísebet segir að hana hafi alltaf langað til að

kenna og segir að henni finnist gaman að kenna. Hún segir að henni finnist vinnuaðstaðan í MTR mjög góð. Lísebet segir að fréttamenn blaðsins séu snillingar. Þegar fréttamaður blaðsins spurði Lísebetu hvort hún væri skrytín eða utan úr geimnum svaraði hún. “Ég er geimvera.”



Fréttamenn blaðsins tóku einnig viðtal við nemendur og fóru eftir viðtalsramma eins og í viðtölunum við kennarana. Hér er viðtalsramminn.

1. Hvað heitir þú?
2. Hver er aldur þinn?
3. Hver eru áhugamál þín?
4. Hvar býrð þú?
5. Á hvaða braut ert þú?
6. Á hvaða ári ert þú?
7. Af hverju valdir þú þennann áfanga?
8. Tengjast áhugamál þín áfanganum sem þú valdir í miðannarvikunni?
9. Hvernig finnst þér miðannarvikan?
10. Hefur þú tekið þátt í miðannarvikunni áður?
11. Finnst þér nógu fjölbreytt val í miðannarviku?
12. Hvernig finnst þér kennarinn þinn?
13. Hvernig finnst þér í MTR?
14. Hvernig finnst þér starfsfólk skólans?
15. Hvernig finnst þér félagslífið í MTR?
16. Hvernig líst þér á að veturinn sé að koma?

Jón Páll Eggertsson

Jón Páll Eggertsson er 24 ára og býr á Ólafsfirði. Jón er á fyrsta ári og er á tónlistarbraut. Jón Páll segir að hann hafi engin sérstök áhugamál. Jón Páll segir að hann hafi verið of seinn að sækja um áfanga í miðannarvikunni og hann hafi verið settur í það sem var laust. Jón Páll segir að áhugamál hans tengist áfanganum sem hann er í.

Jón Páll segir í framhaldi að miðannarvikan sé kósí og honum finnst vera nógu fjölbreytt val í miðannarvikunni. Hann segir að hann hafi ekki tekið þátt í miðannarviku áður. Jón Páll segir að starfsmenn skólans séu fínir og að MTR sé “awesome” skóli og að kennslukerfið sé fínt. Jón Páll segir að félagslífið í MTR sé fínt. Að lokum segir Jón Páll að honum lítist vel á að veturinn sé að koma og segir í framhaldi að það sé kósí.



Ingibjörg Ellen Davíðsdóttir

Ingibjörg Ellen Davíðsdóttir er að verða 19 ára. Hún býr í Ólafsfirði og er á félagsfræðibraut. Áhugamál Ingibjargar eru íþróttir og bandí. Hún er á 4. ári og er að útskrifast núna í desember. Ingibjörg valdi áfangann sem hún er í til að læra eitthvað nýtt, en segir í framhaldi að áhugamál hennar tengist ekki áfanganum. Ingibjörg segir að henni finnst gaman í miðannarviku vegna þess að hún læri eitthvað nýtt. Ingibjörg hefur tekið þátt í miðannarviku áður. Henni finnst val í miðannarviku fjölbreytt og segir að kennarinn hennar sé fín, hann kenni manni það sem maður á að læra. Ingibjörgu finnst MTR vera flottur skóli og finnst gaman að vera í honum. Ingibjörg segir að starfsfólk skólans sé kurteist og hjálpsamt. Ingibjörg segir að það mætti bæta félagslífið í MTR. Ingibjörgu líst vel á að veturinn sé að koma.



Sölvi Sölvason

Sölvi Sölvason er 15 ára gamall og býr á Siglufirði. Áhugamál hans er hestamennska. Sölvi er á fyrsta ári í MTR og er á náttúrufræðibraut. Sölvi segir að ástæða þess að hann valdi þennan áfanga í miðannarvikunni sé sú að honum fannst áfanginn áhugaverður, en segir í framhaldi að áhugamál hans tengjast alls ekki áfanganum. Sölvi segir að miðannarvikan sé ágæt og segir að hann hafi aldrei tekið þátt í miðannarvikunni áður. Sölvi segir að ekki sé nógu fjölbreytt val fyrir miðannarviku en segir að kennarinn hans sé flottur. Sölvi segir að það sé gaman í MTR. Hann segir að starfsfólk skólans sé ágætt. Sölvi segir að félagslífið í MTR sé allt í lagi. Sölvi segir að honum lítist illa á það að veturinn sé að koma.



Jakob Auðunn

Jakob Auðunn er 17 ára og býr á Siglufirði. Áhugamál Jakobs er fótbolti, hann er á íþróttabraut og er á öðru ári. Jakob segist hafa valið þennan áfanga í miðannarvikunni vegna þess að innihald áfangans eru áhugamál hans s.s. íþróttir. Jakob segir að miðannarvikan sé skemmtileg og segir að hann hafi tekið þátt í henni áður. Jakob segir að það sé ekki nógu fjölbreytt val í miðannarviku og að það sem er í boði mætti vera skemmtilegra.



Hann segir að kennarinn sinn, hún Líska sé æðisleg. Jakob segir að það sé fínt að vera í MTR. Hann segir að starfsfólk skólans sé fínt. Jakob segir að félagslíf skólans sé ekki nógu gott og segir í framhaldi að hann voni að það breytist. Hann segir að lokum að honum lítist bara vel á að veturinn sé að koma.

Viðatal við aðstoðarskólameistara MTR

Skólameistari stjórnar og ber ábyrgð á skólanum og að hlutir séu gerðir en hlutverk aðstoðarskólameistara er að hjálpa skólameistararnum að stjórna. Aðstoðarskólameistari vinnur t.d. allar skýrslur sem skólinn þarf að skila og sér einnig um Innu, sem er nemenda skráin, segir aðstoðarskólameistari MTR, Jóna Vilhemína Héðinsdóttir.

Villa er mjög sátt við aðstöðu skólans en vonast eftir viðbyggingu með matsal og fleiri stofum. Hún er sátt við umgengni nemenda í skólanum en nefnir að vísu tvo hluti

sem mætti laga: umgengni á snyrtingu og að nemendur setji skóna í skóhillurnar. Hún segir nemendur flesta duglega að vinna en að sumir gætu gert betur. Við spurðum hana hvernig breytingar Illuga Gunnarssonar, menntamálaráðherra, leggjast í hana en svarið við þeirri spurningu var að henni þættu þessar breytingar hræðilegar. Þær væru slæmar fyrir samfélagið og það væri leiðinlegt að nemendur sem væru 25 og eldri fengju ekki að mennta sig nema í sumum iðngreinum. Það er mjög ósanngjarnt að gera svona upp á milli. Villa er bjartsýn og vonast eftir viðbyggingu. Hún segir að lokum að draumurinn væri að hafa matsal og fleiri stofur til að minnka þrengslin þar sem nemendafjöldinn er orðinn svo mikill.



Íslenska landsliðið í fótbolta.

Íslenska landsliðinu í knattspyrnu hefur gengið vel í riðlakeppni EM og stefnir á komast í lokakeppni Em sem fer fram árið 2016 í Frakklandi. Liðin sem eru með þeim í riðli eru Holland-Tékkland-Tyrkland-Kasakstan og Lettland. Staðan í riðlinum er núna þannig.

Sæti	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	Ísland	3	0	0	0	8 - 0	8	9
2	Tékkland	3	3	0	0	7 - 3	4	9
3	Holland	3	1	0	2	3 - 4	-1	3
4	Lettland	3	0	2	1	1 - 4	-3	2
5	Kasakstan	3	0	1	2	3 - 7	-4	1
6	Tyrkland	3	0	1	2	2 - 6	-4	1

Íslandi tók á móti Tyrklandi þriðjudaginn 9. september á Laugardagsvöllinum þar sem Íslandi vann 3-0.

Markaskorarar voru Jón Daði Böðvarsson á 18. mínútu, Gylfi Sigurðsson á 68. mínútu og Kolbeinn Sigþórsson á 77. mínútu.

Ísland mætti Lettlandi föstudaginn 10. október í Riga á Skonto Stadium en þar fór vel fyrir okkar mönnum því þeir unnu 0-3.

Mörkin skorðu Gylfi Þór Sigurðsson á 66. mínútu, Aron Einar Gunnarsson á 77. mínútu og Rúrik Gíslason

skoraði svo á 90. mínútu. Stórliðið Holland kom á Laugardagsvöllin mánudaginn 13. október þegar Ísland og Holland mættust. Úrslitin urðu heldur betur óvænt því leikurinn fór 2-0 fyrir Ísland og stóðu þeir sig mjög vel. Gylfi Sigurðsson skoraði bæði mörkin, það fyrra úr vítaspyrnu á 10. mínútu og það seinna eftir hornspyrnu á 42. mínútu. Næstu leikir Íslands eru á móti Tékklandi sunnudaginn 16. nóvember klukkan 19:45 og síðan á móti Kasakstan laugardaginn 28. mars klukkan 15:00.

Markahæstu leikmenn íslenska landsliðsins í þessari undankeppni:

NAFN	FÉLAG	MÖRK	VÍTI	LEIKIR
1 Gylfi Þór Sigurðsson	England	4	1	3
2 Aron Einar Gunnarsson	Holland	1	0	3
3 Jón Daði Böðvarsson	Noregur	1	0	3
4 Rúrik Gíslason	England	1	0	3
5 Kolbeinn Sigþórsson	Holland	1	0	3



Heimsókn á Rúv

Fréttamenn blaðsins fóru í heimsókn á Rúv á Akureyri og tók Freyja Dögg Frímansdóttir svæðisstjóri Rúv á Akureyri á móti okkur. Hún sagði okkur að Ríkisútvarpið hafi verið stofnað árið 1930 og það hafi verið sent út á einni útvarpsrás fyrstu árin og fyrsta árið var meira að segja aðeins sent út í nokkrar klukkustundir á hverju kvöldi. Hún sagði okkur einnig að Rúv hefur nokkrar skyldur m.a. er Rúv skylt að láta almenning vita ef almannavarnir senda út boð um hættuástand. Samkvæmt 15. grein útvarpslaga er Rúv einnig skylt að leggja fram mismunandi skoðanir á málum sem eru mest í umræðunni hverju sinni hvað almenning varða. Rúv á líka að hafa í huga að skemmtiefni verður að vera fjölbreytt og við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega þarfa að hafa efni sem er við hæfi barna. Freyja Dögg sagði okkur einnig að árið 1966 hafi Rúv byrjað með sjónvarpsútsendingar. Það voru bara útsendingar tvisvar í viku, á föstudögum og miðvikudögum, til að byrja með en útsendingardögum var fljótlega fjölgað í sex en ekki var sent út á fimmtudögum. Svo gengum við um húsið og fengum að sjá aðstöðuna þar sem studíóið og útvarpsþættir eru sendir í loftið og svæðið þar sem myndvinnslu kallarnir og fréttamennirnir voru. Við þökkudum að lokum fyrir okkur og kvöddum svo .

Útvarpsstjóri:

Fyrsti útvarpsstjóri : Jónas Þorbergsson.

Núverandi útvarpsstjóri : Magnús Geir Þórðarsson



Keiluleikur

Fréttamenn blaðsins fóru í ævintýraferð á Akureyri, við fórum í rútu frá Ævar og Bóas. Þegar við komum á Akureyri byrjuðum við að skutla íþróttahópnum hennar Lísu á Bjarg og svo fórum við á Rúv og þar tók Freyja Björk Frímansdóttir á móti okkur og sýndi okkur staðinn og starfsfólkið.

Þegar við vorum búin þar þá löbбуðum við í Glerártorg þar náði Bóas í okkur og skutlaði okkur í Keiluhöllina og þá biðum við í smá stund því klukkan var ekki orðin ellefu. Svo kom konan með lykila til opna og þá fórum við að panta okkur mat og

og þegar allir voru búnir þá var farið í keilu og það voru 3 brautir og 4 á hverri braut. Svo þegar við vorum búin þá var alveg 1 til 2 tímar eftir þangað til að við mundum fara á N4 svo við fórum í



leiktækin sem eru þarna og þar var einn sem náði 50 stigum í körfubolta og vann líka alla í boxtækinu. Þá var komið að því að fara á N4 og þar tók Helgi Jónsson á móti okkur og sýndi okkur staðinn. Hann sýndi okkur hvar þeir gera auglýsingar fyrir N4 blaðið og svo sýndi hann okkur fólkið sem gerir auglýsingar fyrir sjónvarpstöðina og líka þá sem klippa og svo fengum við líka að sjá þar sem þátturinn Hvítir máfar eru teknir upp. Að lokum var tekin mynd af okkur og svo fórum við heim.



Heimsókn á N4

Fréttamenn blaðsins fóru inn á Akureyri og heimsóttum við meðal annars N4. Þar tók Helgi Jónsson á móti okkur og fór með okkur um fyrirækið. Það vinna 19 manns á N4. Við fengum að sjá þann hluta þar sem Dagskráin er gerð og var okkur sýnt hvernig auglýsingar eru gerðar með brellum. Því næst fórum við inn í hlutann þar sem sjónvarpsfólkið vinnur. Þar var meðal annars ein kona sem heitir María Björk Ingvadóttir. Hún er með sjónvarpsþátt á N4. Sá þáttur er Að Norðan. Þar næst fórum við inn í lítið klippiherbergi og fengum að sjá smá hluta að því hvernig þættir eru klipptir saman. Þar næst fórum við inn í annað klippiherbergi þar sem við fengum að sjá huta af sjónvarpsþætti sem búið var að klippa. Að lokum fórum við inn í studió. Þar



sáum við meðal annars leikmyndina sem Hvítir mávar eru teknir upp. Við fengum að setjast í stólana og þar voru teknar myndir. Svo þökkuðum við fyrir okkur, tókum mynd af okkur öllum saman ásamt Helga Jónssyni og lögðum af stað heim.

Afpreying á Siglufirði

Það er hægt að fara á Kaffi rauðku og panta vöffur og drykki. Leiksvæði er fyrir krakkana við Rauðku, það er t.d. mini golf, skák og strandblak. Einnig er hægt að fara upp og horfa á enska boltann á skjávarpa. Það er hægt að sitja bæði inni eða úti þegar maður pantar veitingar. Á Siglufirði er flott skíðasvæði sem er bara paradís norðursins fyrir skíðamen og snjóþetta fólk, innisundlaug sem er á Siglufirði, einnig er heitur pottur úti. Þar er



sparkvöllur þar sem hægt er að fara í fótbolta. Síldarminjasafn með þrjú stór hús m.a. Bátahús sem er safn með bátum. Í Samkaup Úrval er hægt að kaupa í matinn. Siglósport er staður sem þú getur keypt föt, það er líka besta bakaríð á Siglufirði. Þar er hægt að horfa enska boltann á skjávarpa. Þjóðlagasetrið er safn sem hægt er að skoða og Ljóðasetrið. Á Ljóðasetrinu eru ljóðabækur sem hægt er að glugga í. Þar er einnig hægt að kaupa ljóðabækur.

Afþreying á Ólafsfirði

Afþreying á Ólafsfirði er góð. Á Ólafsfirði er hægt að fara á

Náttúrugripasafnið og skoða t.d fugla, ísbjörn og aðrar skepnur. 9 holu golfvöllur er á Ólafsfirði. Einnig er hægt að leigja báta og kækjak.

Sundlaugin á Ólafsfirði er ekki af verri endanum.

Þar er 25 mertra sundlaug, 2 heitir pottar og 2 rennibrautir, önnur er fyrir unga krakka og hin er fyrir eldri krakka. Vaðlaug er einnig á sundlaugarlóðinni. Það er bæði gervigrasvöllur og fótboltavöllur á

Ólafsfirði. Það eru mörg flott fjöll á Ólafsfirði og ekki slæmt að fara í fjallgöngu öðru hverju. Þá er hægt að labba inn í Fossdalinn og botnleiðina fallegu. Hægt er að fara á skíði á Ólafsfirði. Einnig er hægt að fara á snjósleða og Stígásleða upp í fjall. Hægt er að leigja kofa við Ólafsfjarðarvatn hjá Hótel Brimnes og gista. Hægt er að veiða út á Ólafsfjarðarvatni. Einnig er hægt að labba sveitahringinn á Ólafsfirði.



Afpreying á Dalvík

Það er hægt að gera þó nokkuð í Dalvíkurbyggð. Það er t.d hægt að fara á Byggðasafnið Hvol. Það er mjög flott safn. Þar er t.d. uppstoppaður ísbjörn, fuglar og fuglaegg. Einnig er hægt að fræðast um Jóhann

Svarfdæling eða Jóhann rísa eins og hann var kallaður og skoða dótið hans. Þá er hægt að kaupa hring sem hann bar. Það er hægt að máta skóinn hans og setjast í stólinn hans og margt fleira. Hægt er að fara á fuglasetrið í Húsabakkaskóla og skoða friðland fuglanna sem er í Svarfaðardal. Svo er hægt að

fara í klifurvegginn í Víkuröst, fara á kaffihús Bakkabræðra og fara í menningahúsið Berg. Þar er t.d kaffihús og bókasafn. Oft eru málverkasýningar eða tónleikar þar og jafnvel töfrásýningar. Hægt er að fara á Kondo bar, sem er veitingastaður, sem býður meðal annars upp á Pizzu, hamborgara o.f.l. Árið 2010 var vígð frábær íþróttamiðstöð á Dalvík sem væri gaman að skoða. Áður en íþróttamiðstöðin var vígð var þar bara sundlaug og ræktin. En nú er allt í einum pakka. Þar er íþróttahúsið, sundlaugin og ræktin. Fínt skíðasvæði er og þar er hægt að fara á skíði veturna. Einnig er hægt að fara í hvalaskoðun. Þeir sem sjá um hana reyna að hafa hana allt árið um kring. Á veturna er þjónusta inn í Skíðadal þar sem er boðið upp á skíðaferðir á Tröllaskaga. Þá er farið með þyrlu sem er á bænum. Þau sem eru með þetta bjóða einnig upp á Joga.



Lögreglu heimsókn

Fréttamenn blaðsins fóru til Dalvíkur og hittu þar Felix Jósafatsson lögreglumann. Hann sýndi okkur hvernig hann fer að því að skrifa skýrslur. Það þarf að taka myndir af staðnum sem fólk dettur ef það verður óhapp. Ef það er bakkað á bíl og sá aðili sem bakkaði á bílinn lætur sig hverfa þá er bara byrjað að leita að honum. Síðan hittum við sýslumanninn, hann sér um tryggingar og ökuskírteini. Síðann fengum við að sjá fangaklefana, þegar fólk er fullt þá er það sett þarna til að láta það róast niður. Felix jósafatsson fór með okkur í bíltúr og sýndi okkur hvernig



tækin í lögreglubílum virka. Það var mældur hraðinn á bílunum á móti okkur. Þarna kom hraðpósturinn á 110 km hraða þannig það þurfti að blikka hann. Síðan fengum við okkur eplaköku inn á kaffistofu. Að lokum var tekin mynd af okkur ásamt Felix við lögreglubílinn.

Heimsókn í Hringsholt

Fréttamenn blaðsins fóru í heimsókn í hesthúsin á Dalvík, nánar tiltekið í Hringsholt. Á móti okkur tók Kristinn Ingi Valsson betur þekktur sem Dandi. Hann bauð okkur velkomin í hesthúsin og fylgdi okkur inn. Hann sýndi okkur hestana sem hann er að temja inni. Síðan sótti hann hest sem var brúnn á litinn og setti á hann beisli og labbaði með hann



fram á gang og batt hann þar og náði í kamb og kembdi honum til að þurrka rykið og drulluna af hestinum. Dandi sýndi okkur hvernig hestarnir eru járnaðir. Hann fræddi okkur um reiðtygin, að því loknu náði hann í hnakk og múl og sagðist ætla á hestbak og bað okkur vinsamlegast að fara á undan í reiðskemmuna, auðvitað gerðum við það. Ekki leið á löngu þangað til að Dandi var kominn á bak. Hann byrjaði á því að sýna okkur gangtegundirnar en þær eru fet, brokk, tölt og

síðast en ekki síst sáum við stökk. Hann sýndi okkur hvernig hann stjórnaði hestinum með beislinu og líka hvernig hann hvatti hestinn með hljóðmerki og hælnum. Að öllum sýningunum loknum kvöddum við Danda og héldum heim á leið.



NBA

NBA er Bandarísk körfuboltadeild sem er án efa stærsta körfuboltadeild í heimi. NBA stendur fyrir The National Basketball Association. NBA deildin var stofnuð 6.júní 1946. Í deildinni eru 30 lið, 29 í Bandaríkjunum og 1 í Kanada, liðin heita t.d. Oklahoma City Thunder, Los Angeles Lakers, Miami Heat, San Antonio Spurs og Chicago Bulls. Þessi lið voru flest ofarlega í deildinni á síðustu leiktíð. Leiktíðin byrjar í lok október og sendur yfir fram í miðjan maí. Í NBA deildinni hafa verið bestu körfubolta menn í heimi og nokkrar körfubolltagoðsagnir s.s. Michael Jordan, Larry Bird, Charles Barkley og Magic Johnson. Þeir leikmenn sem eru bestir í deildinni í dag eru: LeBron James, hann er hjá liði sem heitir Cleveland Cavaliers, Kevin Durant, hann er hjá Oklahoma City Thunder, Derrick Rose, hann er hjá Chicago Bulls og Koby Bryant sem er hjá Los Angeles Lakers.

Lebron James er besti körfuboltaleikmaður í heimi um þessar mundir. Lebron er fæddur 30. desember 1984 í Akron í Ohio. Hann er því bara 29 ára, hann er 206 cm á hæð. Ferill Lebron byrjaði árið 2003 þegar hann fór í lið að nafni Cleveland Cavaliers. Þar var hann númer 23 eins og besti körfuboltaleikmaður allra tíma, Michael Jordan. Lebron var hjá Cleveland til ársins 2010. Þá fór hann til Miami Heat og var það þar til að tímabilinu 2013-14 lauk. Hann var númer 6 hjá Miami. Nú er hann aftur kominn til Cleveland Cavaliers og er númer 23. Lebron hefur unnið 2 NBA meistararitla, hann hefur 4 sinnum verkið valinn verðmætasti leikmaðurinn í NBA og fengið 2 gull á Ólympíuleikum. Lebron James er einn hæst launaðasti leikmaður NBA deildarinnar. Hann fær um 70 milljónir Bandaríkjadala á ári eða um 8,4 milljarða íslenskra króna.

Lebron James, besti leikmaður NBA deildarinnar

Mynd tekin af Google



Keven Durant er einn af bestu leikmönnum í NBA deildinni í dag. Hann er fæddur 29. september 1988 í Washington DC. Hann er því 26 ára. Keven er 206 cm á hæð. Ferill Kevin Durant byrjaði árið 2007. Hann spilaði og spilar enn með Oklahoma City Thunder og er númer 35. Keven Durant hefur unnið nokkur verðlaun. Þar á meðal verðmætasti leikmaðurinn í NBA og fengið gull medalíu á Ólympíuleikunum. Kevin Durant fær 17,8 milljónir dala á ári. Eða rúmlega 2.1 milljarð kr.



Kevin Durant. Einn besti leikmaður NBA deildarinnar
Mynd tekin af Google.

Gunnar Nelson

Gunnar Nelson er 26 ára gamall bardagakappi í Ultimate Fighting Championship eða UFC.

Gunnar keppir í welterweigth division.

Tölfræði hans er þannig að hann hefur keppt 15 leiki, unnið 13, gert 1 jafntefli og tapað einu sinni. Fyrsti bardaginn var árið 2007, 5. maí á móti John Olesen en þeir gerðu jafntefli í 3 lotum. Fyrsta tapið var á móti Rick Story en þeir stóðu allan tíman þar til 5 lota var búin. Þá var split decision en bardagi Gunna á móti Story var aðalbardagi kvöldsins í Stokkhólmi. Gunnar Nelson keppti við Zak Cummings þann 19. júlí 2014 og vann hann í 2. lotu en hann kláraði hann í submission. Jorge Santiago og Gunni mættust þann 12. febrúar 2013 en Gunni vann í 3 lotu samkvæmt úrskurði dómara.



Skálmöld

Hljómsveitin Skálmöld var stofnuð á haustmánuðum árið 2009. Sveitin spilar melódískt þungarokk í víkingastíl og sækir innblástur í sagnaarfinn og goðafræðina, hefðbundinni bragfræði er gert hátt undir höfði og vandað er til verka. Meðlimir hafa verið lengi að í íslenskri tónlist og hafa verið viðloðandi hljómsveitir á borð við Ampop, Hraun, Klamidíu X, Innvortis og Ljótu hálfvitana, en hér heyrast þó þyngri tónar en frá fyrri böndum. Skálmöld samdi líka leikrit.



Baldur

Ragnarsson, Björgvin

Sigurðsson, Gunnar Ben, Jón Geir Jóhannsson, Snæbjörn Ragnarsson og Þráinn Árni

Baldvinsson eru allir meðlimir í skálmöld

2010: Baldur

2012: Börn Loka

2013: Skálmöld og Sinfóniuhljómsveit Íslands

2014: Með vættum

Þetta eru albúm sem þeir bjuggu til

þegar Skálmöld byrjaði að spila lög sín voru fleiri sem hlustuðu á þunga rokk.

Aron Pálmarsson

Aron Pálmarsson er fæddur 19 júlí 1990 í Hafnafirði. Aron keppti sinn fyrsta leik á móti ÍBV þegar hann var aðeins 15 ára gamall í mars árið 2006. FH vann leikinn 30-28 og Aron náði að skora eitt mark. Árið 2007/9 var Aron einn af bestu handboltaleikmönnum landins. Þegar FH unnu 1 deildina og hækkuðu sig í úrvaldsdeildina. Aron skoraði 130 mörk í 22 leikjum. Tímabilið 2008/9 var rosa gott tímabil fyrir Aron en Aron skoraði 115 mörk í 16 leikum. FH lenti í 5 sæti og hann var valin efnilegasti leikmaðurinn. Hann var einnig valin í lið tímabilsins og hann var valin í íslenska landsliðið. Hann spilaði stóran hluta fyrir liðið þegar þeir unnu silfrið á Ólympíuleikunum árið 2008 í Peking, og einnig bronsið á evrópumótinu í Austurríki árið 2010. Þegar Aron var keyptur til Kiel gaf FH honum gull boltan fyrir frábært tímabil fyrir FH. En í dag spilar Aron fyrir Kiel í Toyota-Handball-Bundesliga en Aron er meiddur í dag með rifinn rassvöfða.



Þeir sem komu að blaðinu eru:

Andri Mar Flosason.

Hallgrímur Sambhu Stefánsson

Haraldur Kristján Harðarson.

Mikael Már Unnarsson.

Pétur Geir Gíslason

Rúnar Smári Ásgeirsson.

Sigrún Ósk Árnadóttir.

Sigurjón Sigtryggsson.

Stefán Haukur Árnason.

Trausti Karl Rögnvaldsson

Umsjónarmaður: Hólmar Hákon Óðinsson

Yfirlesari: Þórarinn Hannesson.